

# LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS - FOSSVOGI



## VERKSVIÐ VERKÍS

- Þarfagreining kerfa og búnaðar
- Hönnun loftræsingar, lagnakerfa fyrir vatn, fráveitu, hita, súrefni, glaðloft og sjálfvirk slökkvikerfi
- Hönnun lagnaleiða, lágspennu-, lýsingar-, fjarskipta-, sjúkrakall- og brunaviðvörðunarkerfa
- Ráðgjöf um innkaup á búnaði sem tilheyrir rafkerfum
- Brunahönnun og flóttaleiðateikningar
- Hönnun vararafkerfis með varavél og bakhjörllum
- Hljóðvistarhönnun í kringum myndgreiningarbúnað
- Prófanir og úttektir
- Gerð handbóka og þjónustubóka
- Öryggismat á rekstri raforkukerfa

## LÝSING

Frá upphafi byggingar spítalans hafa Rafteikning og Fjarhitun nú sameinuð í VERKÍS hannað rafkerfi og öll lagnakerfi og veitt ráðgjöf varðandi rekstur þeirra. Á síðustu árum hefur farið fram umfangsmikil endurnýjun á húsnæði sjúkrahúsins og hefur VERKÍS séð um skilgreiningu og hönnun á öllum kerfum í sambandi við hana, tekið út brunatæknilegar forsendur og annast gerð flóttaleiðateikninga. VERKÍS hefur líka annast hönnun og rekstur á verkefnavefjum fyrir hönnunargögn í tengslum við breytingarnar.

Öll hönnunarvinna í kringum hátæknisjúkrahús eins og LSH í Fossvogi, er mjög sérhæfð og krefst umtalsverðrar þekkingar á umhverfi slíkrar stofnunar og mismunandi rekstrareininga sem þar eru. Meðal sérhæfðra rýma og svæða sem VERKÍS hefur annast hönnun á eru; skurðstofur, aðgerðarými, röntgenrými, einangrunarrými, tölvuver og lendingarpallur fyrir þyrlur svo eitthvað sé nefnt.

VERKÍS hefur á síðustu árum aflað sér þekkingar á sérstökum þörfum sjúkrahúsa og verið yfirvöldum innan handar við að breiða hana út.

## ALMENNT UM VERKIÐ

Núverandi eigandi sjúkrahúsins er íslenska ríkið en það var áður í eigu Reykjavíkurborgar. Húsnæðið skiptist í fjórar álmur frá þremur og upp í 15 hæðir.

Unnið er að sameiningu slysa- og bráðamóttöku LSH í Fossvogi og því verið að stækka G álmu spítalans um 200 m<sup>2</sup>.

## LYKILUPPLÝSINGAR

**Stærð:** 29.000 m<sup>2</sup>

**Fjöldi legurýma:** 280

### Byggingartími:

Upphaf framkvæmda var 1965 en húsnæðið er í stöðugri þróun.

### Byggingarefni:

Járnbent steinsteypa, staðsteypt

### Rafdreifikerfi:

1250 kVA spennir  
1400 kVA varavél  
Rafbakhjarlar fyrir nauðsynleg rými og búnað

### Lagnakerfi:

Almenn loftræsikerfi  
Loftræsing skurðstofa  
Loftræsing einangrunarrýma  
Ofna- og gólfhitakerfi  
Frárennsli og neysluvatn  
Vatnsúðakerfi  
Þrýstiloftskerfi fyrir vinnuloft, öndunarloft og glaðloft  
Kælikerfi  
Snjóbræðslukerfi

